



Álagningareglur fasteignagjalda fyrir árið 2015

Samþykktar af sveitarstjórn Skagastrandar 22. október 2014

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði **0,40%** af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði **1,32%** af álagningastofni.

Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði verði (C-flokkur) **1,58%** af álagningarstofni. (Við álagningu 2015 verður stofn álagningar 70% af mati ársins 2014 og 30% af mati ársins 2015 sbr. lög nr. 135/2014)

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði **1,65%** af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði **0,3%** af fasteignamati að lágmark 7.000 kr. og á íbúðarhúsnæði að hámarki 26.000 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði **0,2%** af fasteignamati lóða og mannvirkja

Sorphirðugjald / sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði **34.690** kr./íbúð fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu. .

Sorpeyðingargjald verði **10.920** kr./sumarhús og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði **3.860** kr./hús í notkun.

Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki verða samkvæmt gjaldskrá.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhavar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði **5.380** kr./ha.

Eftirfarandi reglur gilda um lækkun fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega:

1. Fasteignagjöld verða eingöngu lækkuð af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur.
2. Fasteignagjöld lækki um allt að kr. **36.000,-** hjá:
 - a) Einstaklingum með tekjur allt að 2.661.120 kr. (20% yfir óskertar lífeyristryggingar).
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 4.349.002 kr. (20% yfir óskertar lífeyristryggingar).
3. Fasteignagjöld lækki um allt að kr. **18.000** hjá:
 - a) Einstaklingum með tekjur allt að 3.326.400 kr. (50% yfir óskertar lífeyristryggingar).
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 5.436.252 kr. (50% yfir óskertar lífeyristryggingar).